



## STARFSEMI SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐS AKRANESKAUPSTAÐAR

---

|                     |                                      |
|---------------------|--------------------------------------|
| <b>Svið:</b>        | Skóla- og frístundasvið.             |
| <b>Stjórnsýsla:</b> | Skóla- og frístundaráð.              |
| <b>Yfirmaður:</b>   | Sviðstjóri skóla- og frístundasviðs. |
| <b>Undirmenn:</b>   | Starfsmenn skóla- og frístundasviðs. |

---

### Meginverkefni sviðsins:

Skóla- og frístundasvið (hér eftir nefnt svið) er stjórnunareining innan Akraneskaupstaðar sem sérhæfir sig málefnum grunn-, leik- og tónlistarskóla, forvarnamálum, æskulýðs-, tómstunda- og íþróttamálum, daggæslu barna og þróun samstarfs Akraneskaupstaðar við t.d. Fjölbautarskóla Vesturlands og Símenntunarmiðstöð Vesturlands. Sviðið sé m.a. um innritun barna í skóla Akraneskaupstaðar, undirbúning þjónustukannanna á vegum stofnana sem tilheyra sviðinu, vinnur að þróun skólstarfs og undirbúningi stefnumörkunar, umsjón með sérfræðiþjónustu við grunn- og leikskóla, annast áætlanagerð, annast mat og eftirlit með skólstarfi og sinnir upplýsingamiðlun fyrir skóla- og frístundaráð. Þá hefur sviðið umsjón og eftirlit með rekstri íþrótt- og æskulýðsstarfsemi og forvarnamálum á vegum Akraneskaupstaðar, annast fagþjónustu við íþrótt- og æskulýðsstarfsemi, ber ábyrgð á stefnumótun, áætlanagerð og rekstri starfsstaða og samskiptum við fagaðila, félög og samtök, íþróttahreyfinguna og almenning.

Sviðið er skóla- og frístundaráði til ráðgjafar varðandi stefnumótandi ákvarðanir í þeim málaflokkum sem undir það heyra og annast framkvæmd þeirra. Hlutverk sviðsins er að veita bæjarbúum, bæjarfulltrúum, forstöðumönnum og öðrum þeim sem á þurfa að halda, góða þjónustu, ráðgjöf og upplýsingar um málaflokka sviðsins.

### Sviðið vinnur samkvæmt eftirfarandi samþykktum, reglum og stefnum:

- ♦ Samþykkt bæjarstjórnar um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar.
- ♦ Erindisbréf skóla- og frístundaráðs
- ♦ Stefnumótun um gildi og framtíðarsýn Akraneskaupstaðar.
- ♦ Skólastefnu Akraneskaupstaðar.
- ♦ Velferðastefnu Akraneskaupstaðar.
- ♦ Mannréttindastefnu Akraneskaupstaðar.
- ♦ Mannauðsstefnu Akraneskaupstaðar.
- ♦ Atvinnumálastefnu Akraneskaupstaðar.



- ♦ Öðrum samþykktum og reglum um stjórn og starfshætti í stjórnslu Akraneskaupstaðar sem bæjarstjórn staðfestir og varða verksvið starfsins.

**Helstu verkefni sviðsins eru þessi:**

- ♦ Útbúa fjárhagsáætlun fyrir sviðið og vera ráðgefandi til forstöðumanna stofnana sem tilheyra sviðinu í undirbúningi fjárhagsáætlana.
- ♦ Annast umsjón með sérfræðipjónustu við grunnskóla og leikskóla sem mæta á sérþörfum barna og fjölskyldna þeirra.
- ♦ Sjá um innritun leik- og grunnskólabarna.
- ♦ Hafa umsjón með árskýrslum skóla Akraneskaupstaðar.
- ♦ Hafa umsjón um húsnæði og búnaði skóla Akraneskaupstaðar og vinnu markvisst að endurbætingu búnaða og þróunar í tækimálum.
- ♦ Öflun og miðun upplýsinga um framkvæmd skólstarfs Akraneskaupstaðar.
- ♦ Vinna markvisst að samstarfi milli skóla Akraneskaupstaðar og brúa bilið milli skólastiga.
- ♦ Hafa umsjón með daggæslu í heimahúsum og vera tengiliður við dagforeldra.
- ♦ Hafa umsjón með íþróttamálum, þ.m.t. rekstri og þjónustu íþróttamannvirkja.
- ♦ Sinna samstarfi Akraneskaupstaðar við Íþróttabandalag Akraness og önnur frjáls félagasamtök sem sinna tólmundastarfi með börnum.
- ♦ Þróa vettvang fyrir bætt félagslíf ungmenna á Akranesi í tengslum við listir, menningu og íþróttir.

**Markmið starfa sviðsins er:**

- ♦ Að skapa einfalt og skilvirkt stjórnkerfi.
- ♦ Að verkefni sviðsins séu í samræmi við tíma-, fjárhags- og kostnaðaráætlanir.
- ♦ Að ná fram hagræðingu í rekstri.
- ♦ Að tryggja sem besta þjónustu.

Samþykkt á fundi skóla- og frístundaráðs Akraness þann 4. febrúar 2020.

Samþykkt á fundi bæjarstjórn Akraness þann 10. mars 2020.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,



Sævar Freyr Þráinsson  
bæjarstjóri